

Tillögur að breytingum á lögum ASÍ

Miðstjórn ASÍ leggur til, að fenginni tillögu skipulags- og starfsháttanefndar, að ársfundur ASÍ samþykki tvær breytingar á lögum sambandsins.

1) Breyting á 26. grein

Greinin er svohljóðandi:

Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum.
Miðstjórn, eða minnst 10 fulltrúar, geta krafist allsherjaratkvæðagreiðslu um mál, er miklu þykja skipta. Einnig skulu kosningar samkvæmt 33. grein fara fram að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu. Fer hver fulltrúi með atkvæði í samræmi við atkvæðavægi aðildarfélagsins sem hann er fulltrúi fyrir.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi: (**Breyting feitletruð**).

Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum.
Miðstjórn, eða minnst 10 fulltrúar, geta krafist **leynilegrar atkvæðagreiðslu um mál. allsherjaratkvæðagreiðslu um mál, er miklu þykja skipta.** Einnig skulu kosningar samkvæmt 33. grein fara fram að viðhafðri **leynilegri atkvæðagreiðslu allsherjaratkvæðagreiðslu. Fer hver fulltrúi með atkvæði í samræmi við atkvæðavægi aðildarfélagsins sem hann er fulltrúi fyrir.**

2) Breyting á 33. grein – 4. mgr.

Greinin er svohljóðandi:

Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að á ársfundi annað hvert ár skal forseti kosinn sérstaklega og sex meðstjórnendur, en hitt árið skal varaforseti kosinn sérstaklega og sjö meðstjórnendur. Þessir mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.
Auk þess skal kjósa níu varamenn. Fjóra það árið sem forseti er kjörinn og fimm það árið sem varaforseti er kjörinn.

Lagt er til að greinin verði svohljóðandi: (**Breyting feitletruð**)

Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að á ársfundi annað hvert ár skal forseti kosinn sérstaklega og sex meðstjórnendur, en hitt árið skal varaforseti kosinn sérstaklega og sjö meðstjórnendur. Þessir mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.
Auk þess skal kjósa **ellefu** varamenn. **Sex** það árið sem forseti er kjörinn og fimm það árið sem varaforseti er kjörinn.